LINDA BEN

5 ára Star Wars afmæli!



Eldunartími

-

Erfiðleikastig

Auðvelt

Fjöldi

0

Lýsing

Í þessari færslu er að finna auglýsingu, en auglýsingin er af mínu frumkvæði vegna þess hve ánægð ég var með þjónustu fyrirtækisins.
Sonur okkar varð 5 ára í gær! Ég er eiginlega ekki búin að melta það ennþá að ég eigi orðið 5 ára gamalt barn, finnst stundum tíminn líða aðeins of hratt.
Hann er einn mesti legó aðdáandinn á Íslandi er ég alveg viss um, barnið hreinlega lifir fyrir það að legóa og á mjög stórt safn af legói. Í legóinu er það svo Star Wars og Ninjago sem er vinsælast, þannig hefur Star Wars áhuginn smitast yfir í annað.
Hann ákvað að hafa Star Wars þema í afmælinu sínu og var harð ákveðin á því að það ættu að vera Star Wars kallar ofan á kökunni sinni. Einnig bað hann um jarðaberja köku sem mamman var samt ekki alveg viss um hvernig ætti að útfæra þar sem margar jarðaberjakökur geta oft verið ansi væmnar. Að lokum ákvað ég að gera súkkulaðiköku með hindberjakremi, þannig væri hann að fá berjabragðið sem hann elskar og einfaldleikann sem ég kann virkilega að meta í undirbúningum fyrir afmælið. Hindberjakremið er nefninlega pínulítið súrt sem passar alveg ótrúlega vel með súkkulaðibragðinu og alls ekki væmið.
Við ætluðum upphaflega að fara í keilu og hafa meira kósý á afmælinu sjálfu (9. okt) og hafa svo veilsuna á laugardeginum. En á mánudagsmorgninum hætti minn maður við það plan og var harð ákveðinn í því að hafa það á þriðjudeginum!
Ég gef mér yfirleitt nokkra daga til að undirbúa afmæli, geri smávegis á hverjum degi, næ þannig að gera mjög flott afmæli án þess að þurfa að hafa neitt rosalega mikið fyrir hlutunum. En þar sem hann varð svo innilega sár og leiður yfir því að hafa afmælið á laugardeginum ákváðum við að það væri ekki hægt að gera honum lífið svona leitt og leyfðum honum því að hafa afmælisveisluna á afmælisdeginum sínum og því upphófst alveg svakaleg vinna sem þurfti að gera á einum sólahring!
Þegar ég sá að þetta yrði mikið stress að undirbúa afmælið ákvað ég að reyna hafa allt sem einfaldast, án þess að það komi niður á útliti og gæðum! Ég er mjög metnaðarfull þegar kemur að afmælum, mér finnst það alveg ótrúlega gaman að halda fallegar veislur en það getur verið mikil vinna líka. Ég fékk því alla fjölskylduna til að aðstoða mig, fékk meðal annars gullfallegt heimili systir minnar lánað undir veisluna þar sem við búum ekki svo vel að geta haldið veislu heima hjá okkur. Heimilið hennar er glæsilegt, bjart og stílhreint eins og sjá má á myndunum. Mér finnst ég ansi heppin að eiga svona yndislega systir sem er alltaf til í að leggja fram hjálparhönd ef eitthvað er, eins og með aðra fjölskyldumeðlimi að sjálfsögðu sem hjálpuðu mikið og hefði þetta aldrei tekist nema afþví að allir hjálpuðust að.
Það fyrsta sem ég gerði hvað varðar undirbúning var gera to do lista og hringja í partyvorur.is. Ég spurði hana í Partyvörum hvort hún gæti reddað fyrir mig skreytingum fyrir morgundaginn sem reyndist vera ekkert mál. Hún var svo ótrúlega almennileg og fannst ekkert sjálfsagðara en að aðstoða mig með svona stuttum fyrirvara. Hún bað mig um að senda sér myndir í emaili af þemanu og hvernig ég sá fyrir mér skreytingarnar. Síðan fór ég til hennar tveimur tímum seinna og náði í allar skreytingarnar þar sem allt var tilbúið! Það hentaði alveg fullkomlega þar sem ég kláraði að versla allt inn fyrir veisluna í millitíðinni og kláraði því allar útréttingar fyrir afmælið á tveimur tímum! Þar sem ég var svo ótrúlega ánægð með þjónustuna hennar og myndi mæla 100% með þessari þjónustu við alla sem ég þekki, bauð ég henni samstarf og þess vegna finnið þið linka inn á síðuna hennar í þessari færslu.
Ég ákvað að hafa blöðruborða yfir veitingaborðinu, fannst hann gera alveg ótrúlega mikið! Ég fékk nokkrar mismunandi blöðrur frá Partývörum, borða til að festa blöðrurnar í, tvær litlar pumpur og króka til að hengja lengjuna upp á vegginn. Það var ótrúlega einfalt að smella blöðruborðanum upp. Pumpurnar gerðu það að verkum að það var ekkert mál að blása blöðrurnar upp. Það reyndist best að setja nokkrar blöðrur á víð og dreif um borðann, festa hann upp á vegginn og klára svo að setja blöðrurnar í borðann þegar hann var kominn á vegginn. Ég tók myndir og kertastjaka af veggnum svo það voru naglar fyrir á veggnum svo ég þurfti ekki að nota krókana sjálf en notaði venjulegt límband til þess að festa borðann betur á vegginn.
Ég fékk svo svart hvíta pappa diska, pappa glös, pappa rör, popp box, fánalegju, kögrið framan á veisluborðið, 5 blöðruna og stóru svörtu blöðruna frá Partývörum líka.
Mér persónulega finnst fallegra að velja nokkra liti (ef hægt er að telja svartan og hvítan sem lit þetta skiptið) og fylgja þeim í gegnum þemað í staðan fyrir sjálfar fígúrurnar. Til þess svo að heimfæra svarta og hvíta litinn inn í Star Wars þemað þá keypti ég Star Wars aukahluti. Ég keypti þrjú geislasverð í mismunandi litum og stillti upp á borðið ásamt nokkrum öðrum smáhlutum. Mér fannst svarta stóra blaðran með kögrinu alveg smell passa inn í þemað og var alveg rosalega Star Wars-leg. Ég átti svo stjörnu jólaljós sem mér fannst smellpassa inn í þemað.
Það sem við buðum upp á í afmælinu miðaðist allt að því að það tæki sem stystan tíma í undirbúningi en væri samt gott og allir væru ánægðir:

- Pulsur með öllu helsta meðlætinu, sumar voru beikonvafðar og auðvitað var kartöflusalat með
- Star Wars drip súkkulaðikaka með hindberjafyllingu
- Star Wars sykurpúðar
- Hvítar rice crispies kökur
- Popp
- Gjafakassar með nammi sem börnin fengu með sér heim eftir afmælið
- Ostabakki með þremur mismunandi ostum, ritz kex og sultu
- Salt stangir og voga ídýfa

Hráefni

—

Leiðbeiningar

1.